



Reglur um leikskóla Skagafjarðar

Innritun barna

Leikskóli er fyrsta skólastig í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskóli annast að ósk foreldra uppeldi, umönnun og menntun barna á leikskólaaldri samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

1. Í leikskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar er innritað eftir aldri þannig að eldri börn ganga fyrir þeim yngri. Stefnt er að því að bjóða upp á leikskólanám fyrir börn eins árs og eldri ef aðstæður og pláss leyfa í viðkomandi leikskóla. Heimilt er að veita börnum, 10-12 mánaða gömlum, leikskóladvöl ef það fellur að skipulagi skólstarfs viðkomandi leikskóla og rými leyfir.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri annast innritun barna í leikskólum Skagafjarðar. Að jafnaði skal miða við að leikskóladvöl hefjist í upphafi hefðbundins skólaárs.

1. Sótt er um leikskólavist í gegnum Íbúagátt Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Nauðsynlegt er að útfylla umsóknareyðublaðið eins nákvæmlega og umsækjandi getur. Í umsókn skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang, netföng og símanúmer foreldra/forráðamanna og næsta aðstandanda og ósk um dvalartíma. Þá skal fylgja staðfesting um lögheimili ef viðkomandi er nýfluttur í sveitarfélagið.
2. Inntaka nýrra barna í leikskóla Skagafjarðar er að jafnaði í upphafi skólaárs og eftir því sem pláss losna. Mikilvægt er að umsóknir hafi borist fyrir 1. maí árið sem leikskóladvöl skal hefjast. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða afgreiddar eftir því sem leikskólapláss losnar.
3. Þegar barn sem er á biðlista hefur fengið inngöngu í leikskóla er foreldrum / forráðamönnum svarað í rafrænu bréfi. Foreldrar/forráðamenn þurfa að staðfesta leikskóladvölinu innan 14 daga frá því að boð berst. Hafi staðfesting frá foreldrum/forráðamönnum ekki borist innan tilskilins frests er barnið tekið af lista og öðru barni boðið plássið.
4. Ef foreldri/forráðamaður barns þiggur ekki boð um leikskólapláss við úthlutun, fær umsóknin nýja dagsetningu nema ef samið er um að barnið byrji á öðrum tíma.
5. Sveitarfélagið Skagafjörður áskilur sér rétt til að forgangsraða börnum í leikskóla þegar taka þarf tillit til sérstakra aðstæðna barna og /eða foreldra/forráðamanna. Börn einstæðra foreldra, börn sem búa við fötlun og /eða veikindi og börn sem búa við félags- eða fjárhagslega örðugleika njóta forgangs. Tvítýngi getur fallið í þennan flokk.

Að öðru leyti fer úthlutun leikskólaplássna fram á eftirfarandi hátt:

- leikskólaplássum er úthlutað eftir aldursröð en þó getur dagsetning umsóknar haft áhrif ef börnin eru á sama aldri



- Þegar leiksólaplássur er úthlutað þarf ávallt að taka tillit til aðstæðna í leikskólunum s.s. samsetningu barnahóps, rýmis, mannhalds og fleira
6. Við upphaf leikskólagöngu skrifa foreldrar/forráðamenn undir sérstakan dvalarsamning sem meðal annars kveður á um dvalartíma og fæðis kaup. Dvalarsamningur tekur mið af reglum þessum og með undirritun sinni staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér starf leikskólans, gjaldskrá og reglur þessar.
 7. Heimilt er að segja barni upp plássi, ef nýting fer niður fyrir 60% tvo mánuði í röð, án þess að gildar ástæður séu fyrir því, s.s. veikindi og /eða tímabundnar fjarvistir frá sveitarfélaginu.
 8. Gagnkvæmur uppsagnafrestur í leikskólum Skagafjarðar er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.

Innheimta leikskólagjalda

1. Gjöld eru greidd fyrirfram, gjalddagi er fyrsta hvers mánaðar. Dvalargjald skal greitt fyrir umsaminn dvalartíma óháð mætingu barns. Ef barn er fjarverandi í mánuð geta foreldrar/forráðamenn óskað eftir að fæðisgjald sé fellt niður þann mánuð.
2. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá gjalddaga.
3. Ef gjald hefur ekki verið greitt að mánuði liðnum er viðkomandi foreldrum/forráðamönnum sent ítrekunarbréf þar sem sett er á heimild til að segja upp plássinu ef ekki er staðið í skilum.
4. Hafi skuldin ekki verið greidd eða um hana samið eftir einn mánuð (30 daga) frá gjalddaga, er viðkomandi foreldrum/forráðamönnum afhent uppsagnarbréf þar sem plássi barnsins er sagt upp frá og með 1. degi næsta mánaðar. Gefinn er 10 daga frestur til að ganga frá skuldinni ella verður barnið að hætta á fyrrgreindum tíma. Að þeim tíma liðnum er send lokaáðvörun og lögfræðingi falið að innheimta skuldina.

Reglur þessar voru samþykktar í fræðslunefnd þann 6. apríl 2017 og sveitarstjórn þann 12. apríl 2017.